



## Verksvið sálfræðings við grunnskóla Kópavogs

### Hlutverk

Sálfræðingur sem starfar við grunnskóla Kópavogs er hluti af skólaþjónustu sveitarfélagsins og fulltrúi skólaþjónustunnar í nemendaverndarráði.

Skólaþjónusta mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver veitir þjónustuna. Sálfræðingur vinnur í nánú samstarfi við aðra sérfræðinga, kennara og aðra þá sem koma að málefnum nemenda.

Sálfræðingur grunnskólanna greinir vanda nemenda og leitar leiða til að leysa úr vandanum, í samvinnu við foreldra og starfsfólk skóla.

### Stjórnun

Sálfræðingur við grunnskóla Kópavogs starfar undir yfirstjórn sérfræðiþjónustufulltrúa á grunnskóladeild menntasviðs Kópavogs. Sálfræðingur hefur starfstöð í viðkomandi skóla og vinnur undir daglegri verkstjórn skólastjóra og í samvinnu við starfsfólk skóla.

### Starfsfyrirkomulag

Sálfræðingur situr fundi nemendaverndarráðs, en hlutverk þess er að samræma störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda. Sálfræðingur situr í ráðinu sem fulltrúi skólaþjónustu sveitarfélagsins. Sótt er um þjónustu sálfræðings á þar til gerðu eyðiblaði.

Sálfræðingur bregst við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda nemenda með því að framkvæma greiningar og athuganir og gerir tillögur um viðeigandi úrbætur í samræmi við niðurstöður þeirra. Það gerir hann í samvinnu við starfsfólk skólans, foreldra og nemendur þegar við á. Sálfræðingur veitir jafnframt foreldrum og starfsfólki skóla ráðgjöf og stuðning við framkvæmd úrræða, miðað við möguleika skólans, ásamt því að fylgja eftir hvernig til hefur tekist. Auk þess tekur sálfræðingur þátt í teymisvinnu vegna einstakra nemenda eins og þurfa þykir hverju sinni og veitir samtalsmeðferð í skemmri tíma ef þörf er á.

Ef það er mat sálfræðings að nemandi þurfi víðtækara úrræði, en skólinn veitir, sem bætt geti náms- og félagslega stöðu nemandans eða líðan, skal hann vísa á slík úrræði.

Sálfræðingur getur einnig annast fræðslu fyrir starfsfólk skóla og foreldra um málefni sem er á hans sérsviði.

Sálfræðingar við grunnskóla Kópavogs funda einu sinni á önn með sérfræðiþjónustufulltrúa á grunnskóladeild. Auk þess funda sálfræðingar sjálfir tvisvar á önn.

### Skýrsla

Sálfræðingar skila skýrslu til skólastjóra og til yfirsálfræðing á grunnskóladeild, menntasviðs í lok ágúst ár hvert.